

Fundur 22.1.2024 Ian Collins.

Góða kvöldið

*Góða kvöldið.*

Tölum við hér úr mikilli sambandsstöð eins og áður og æfinlega gott að vita til þess að hjá ykkur er skilningur á þessu málefni.

Og ég hef hér í framlífi reynt að segja ykkur frá ýmsum atriðum trúarbragðanna og þykir mér gott að segja frá því að ég hef fengið styrk og lækningu í mínum erfiðleikum, að heilsan hefur komið aftur til baka að lang mestu leiti og hef ég því tekið til óspilltra málanna.

*Þú ert Collins.*

Já.

*Velkominn.*

Takk fyrir.

*Sæll.*

Sæll vertu.

Og höfum við nú um nokkuð langt skeið reynt að senda hjálp á hnött nokkurn, þar sem mætur maður er, sem þið þekkið vel Bobby Fisher.

*Já.*

Og eru það nokkuð meiri líkindi að það takist vel, en það er þó eftir að undirbúa miklu betur og þætti mér áhugavert í kvöld ef mér tækist að segja nokkuð merkilega sögu, að hnöttur sá sem hann er staddur á, gengdi nokkuð merkilegu hlutverki áður fyrr í lífstefnubaráttunni.

En er það mjög gamall hnöttur, sem nú er með bundinn möndulsnúning og vandræði hljóttast af því fyrir hluta lífendanna sem þar búa og þykir mér miður ef orkan er ekki næg til að segja þessa sögu alla, en vildi koma því að, að þarna eru ýmsir máttugir staðir sem jafnvel Guðirnir hafa magnað og teljum við hann því ekki vera á eins slæmum stað og fyrst var haldið.

En yrði það mjög fróðleg saga ef okkur tækist að lýsa því hvernig átökin eru þar á milli lífstefnu og helstefnu og hvernig samböndin við hann eru undir því komin að hann sé staddur á réttum stað á hnettinum þar sem sambandsmöguleikar eru betri en annar staðar.

Og eru það gamlar rústir stjörnusambandsstöðva og kallaðar klettaborgir, er það raunar meira en svo því það er í raun gamalt bæjarstæði, þar sem eldri menning var og heiðin.

En eru það bæði múslimar og aðrir sem sækja að og kemst hann ekki á þann stað nema stundum.

En ef okkur tekst að magna þessa lífstefnu hópa, tekst okkur að hrinda árásum hinna sem hafa valdið tjóni þarna og byggt upp landsvæðið betur og verður því auðveldara um sambönd við hann og aðra.

Og meðan hann er þar staddur er möguleikar á því að græða náttúruna þannig að lífsbjörg verði þar auðveldari.

En þetta er mikið verkefni og stórt og þarf aðstoð Guðanna sjálfra til að magna það fram og er því betra að vanda mjög til verka.

Höfum við nokkrum sinnum náð sambandi við hann, ekki vitum við til þess að hann hafi talað oft við ykkur, en vonandi að það verði fljótlega aftur, og einnig er fróðlegt að heyra lýsingar á landslaginu og fólkinu sem þar býr og gróðri og náttúru.

Og er það dæmi um hnött þar sem tekist hefur að snúa við mikilli hnignun, vegna mikillar aðstoðar Guðanna og lífstefnunnar og gæti það orðið til þess að það hefði áhrif víðar, en verð ég nú að kveðja að sinni.

Þykir mér gott að ég komst í sambandið, þakka ég ykkur æfinlega stuðninginn og eru þeir fleiri hér í mínum hóp sem vilja við ykkur ræða við tækifæri.

Verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir og verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*

*Og þakka þér fyrir komuna.*